



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Landlæknisembættið  
Sóttvarnalæknir

---

## STÖÐUSKÝRSLA - JÚNÍ 2007

### ÁÆTLANAGERÐ VEGNA HEIMSFARALDURS INFLÚENSU

---

Á síðustu öld hafa heimsfaraldrar influensu geislað reglulega á 30-40 ára fresti Alvarlegasti faraldurinn var spænska veikin sem geislaði árið 1918 og á nokkrum vikum dóu af hennar völdum um 50 milljónir einstaklinga í heiminum öllum og um 500 manns á Íslandi. Á árunum 1957 og 1968 gengu tveir mildari faraldrar yfir heiminn en leiddu til mun færri dauðsfalla. Nú eru um 40 ár liðin frá síðasta faraldri og því má búast við heimsfaraldri á næstu árum. Skæð influensa í geisar nú í Asíu og hefur hún stöku sinnum borist í menn sem hafa verið í nánú samneyti við sýkta fugla. Dánartíðni í mönnum af hennar völdum er mjög há eða um 60%. Áhyggjur hafa vaknað hvort þessi stofn (H5N1) geti með ákveðnum breytingum farið að berast með virkum hætti á milli manna og þannig valdið næsta heimsfaraldri. Ekkert lát er á fuglainfluensunni (H5N1) meðal alifugla víða um heim og heldur hún áfram að berast í menn, einkum í Indónesíu og Egyptalandi um þessar mundir. Hún berst ekki auðveldlega manna á milli. Því lengur sem þessi influensustofn er til staðar þeim mun meiri hættu er á að stökkbreyting verði sem auðveldar fuglainfluensunni að berast manna á milli og þar með valda heimsfaraldri.

Árið 2005 birti farsóttadeild Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) endurskoðaða viðbúnaðaráætlun vegna heimsfaraldurs influensu þar sem hlutverk stofnunarinnar var endurskilgreint og þjóðir heims jafnframt hvattar til þess að endurskoða áætlanir sínar með það að markmiði að draga úr áhrifum heimsfaraldurs á heilsu manna, efnahag og samfélagið í heild. Í samræmi við tilmæli WHO stofnaði ríkisstjórn Íslands, þann 1. mars 2005, nefnd til að fara yfir stöðu mála hérlandis og gera tillögur um aðgerðir. Nefndin gengur undir nafninu ráðuneytisstjóranefndin og í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ásamt skrifstofustjórum og sóttvarnalækni. Nefndin skilaði álit í júlí 2005 og lagði til að þeir aðilar sem samkvæmt lögum fara daglega með þennan málaflokk, það er sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, haldi áfram gerð og endurskoðun viðbúnaðaráætlana vegna heimsfaraldurs og að farið yrði yfir efnahagsleg áhrif þeirra aðgerða sem mögulega þarf að grípa til. Ríkisstjórnin samþykkti þessar tillögur á fundi sínum þann 7. október 2005 og fól ofangreindum embættum ofangreind verkefni. Stýrihópur sem skipaður var aðilum frá embætti ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni hóf störf í febrúar 2006 og fljótlega var verkefnastjórn sett á laggirnar. Í apríl 2006 var ráðinn starfsmaður tímabundið til almannavarnadeildar til að sinna verkefninu og að beiðni stýrihóps voru ráðnir aðilar frá Línuhönnun til aðstoðar við að greina umfang verkefnisins, skipta því niður í smærri verkþætti og setja

einstökum þáttum tímamörk. Í verkefnastjórn sitja tveir læknar frá sóttvarnalækni, tveir starfsmenn almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og tveir verkefnastjórar frá Línuhönnun. Með þeirra þekkingu var verkefnið brotið niður í smærri verkefni, ábyrgð aðila skilgreind og tímaáætlun lögð fram. Í byrjun var ákveðið að skipta verkefninu upp í 26 verkefni og vinnuhópur skipaður um hvert þeirra. Síðan hafa fáein verkefni verið sameinuð aftur og tvö ný verkefni hafa verið sett á laggirnar. Verkefnastjórn fundar vikulega vegna verkefnisins og stöðufundir með ábyrgðaraðilum vinnuhópa eru haldnir reglulega. Stýrihópur fundar annan hvern mánuð og oftast ef þörf krefur. Öllum stefnumótandi ákvörðunum er vísað til stýrihóps. Aðilar stýrihóps hafa fundað með lögreglustjórum og sóttvarnalæknum í héraði á öllum 7 sóttvarnarsvæðunum. Markmið þessara funda var kynning á verkefninu og ósk um samstarf. Lögreglustjórar hafa síðan hist tvisvar sinnum á vinnufundi með starfsmönnum almannavarnadeildar RLS og sóttvarnalækna í héraði hafa fundað með sóttvarnalækni. Leiðbeiningar fyrir lögreglustjóra og sóttvarnalækna í héraði um gerð viðbragðsáætlana í heimsfaraldri influensu eru tilbúnar og eins eru boðunarskrár lögreglustjóra í flestum landshlutum tilbúnar. Skýrslu starfshóps um efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldurs influensu má finna á vef forsætisráðuneytisins.

Lokað svæði á vefsíðunni, [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) er virkt vegna verkefnisins og uppfært reglulega. Allar fundargerðir eru vistaðar þar og hafa allir aðilar vinnuhópa aðgang að lokaða svæðinu. Búið er að skilgreina stig áætlunarinnar og eru fyrstu drög viðbragðsáætlunar vistuð á vefsíðunni. Fyrstu drög að skipuritum vegna boðunar viðbragðsaðila eru tilbúnin.

### ***NÁLGUN VERKEFNIS***

Strax í upphafi var ákveðið að nota þær reglur sem almannavarnir víða um heim hafa tileinkað sér. Fyrsta reglan er grenndarreglan og hún vísar til þess að koma á fót gegnheilu skipulagi neyðarmála eins nálægt þeim sem eiga að nota þetta skipulag. Því var ákveðið að skilgreina ábyrgðaraðila í héraði eins fljótt og auðið væri og virkja þá til áætlanagerðar heima í sveitarfélögum. Önnur reglan er samkvæmnireglan og hún vísar til þess að í neyðarástandi skuli notast við sama skipulag og notað er daglega og það styrkt með öllum tiltækum ráðum. Þriðja reglan kallast sviðsábyrgðarreglan og hún segir að sá aðili sem daglega fer með ákveðinn málaflokk skuli einnig gera það þegar neyðarástand ríkir. Fjórða og síðasta reglan er samhæfingarreglan og hún gerir þá kröfu til viðbragðsaðila að vinna saman og samhæfa störf sín í viðum skilningi.

## ***LAGAUMHVERFIÐ***

Almannavarnalögin og sóttvarnalögin eru lögð til grundvallar vinnu við þetta verkefni. Að auki voru vinnuhópar beðnir að skoða það lagaumhverfi sem höfðaði sérstaklega til þeirra verkefna. Samkvæmt 12. og 14. grein sóttvarnalaga nr. 19/1997 hefur sóttvarnalæknir heimild til þessa að leita eftir aðstoð frá lögreglu vegna aðgerða gegn útbreiðslu smitsjúkdóma sem ógnað geta almannaheill. Þessar aðgerðir geta verið einangrun, sóttkví, takmörkun á ferðafrelsi, samkomubann, auka annarra ráðstafana. Samkvæmt 2. grein almannavarnalaga er heimilt að krefjast aðstoðar opinberra aðila, einstaklinga og stofnana til undirbúnings ráðstafana er miða að því að vernda heilsu og eignir almennings. 5. grein almannavarnalaga segir að stjórn sóttvarna skuli vera í höndum sóttvarnalæknis og samkvæmt 10. grein er það borgaraleg skylda þeirra sem eru á aldrinum 18-65 ára að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna og er það lögreglustjóri sem gefur þessi fyrirmæli út að fengnum tillögum frá almannavarnanefnd (lög um almannavarnir nr. 94/1962).

## ***VERKEFNALOK***

Áætluð verkefnalok á fyrsta áfanga þessa verkefnis eru um næstu áramót.

Þá eiga öll sveitarfélög landsins að hafa tilbúna áætlanir sem eru samhljóða niðurstöðum vinnuhópanna. Framundan er erfitt verkefni en það er að færa vinnuna meira út í hérað og fá stjórnendur þar til að gera samhljóða áætlanir. Samkvæmt skýrslu Sóttvarnarstofnunar Evrópusambandsins (ECDC) hefur þessi tilfærsla verkefnisins til minni stjórnvaldseininga reynst þjóðum í Evrópu erfiður hjalli (Technical report, Pandemic influenza preparedness in the EU, 2007).

Skrifborðsæfing er á döfinni þann 14. september og munu helstu þættir áætlunarinnar verða æfðir. Mun æfingin ná til æðstu stjórnar landsins, sóttvarnalæknis, almannavarnadeildar RLS, samhæfingarstöðvar, lögreglustjóra, sóttvarnalækna í héraði og almannavarnanefnda. Æfingastjórn hefur verið skipuð og einnig eftirlitsaðilar. Búið er að kortleggja helstu markmið og byrjað er að skoða hverjir munu sitja í áhöfn samhæfingarstöðvar. Að æfingu lokinni mun vinnan beinast að samræmingu áætlana á milli sveitarfélaga og skoða hvaða atriði áætlunarinnar eru mikilvægust. Einnig þarf að vinna að gerð fræðsluefnis um sóttvarnir í fyrirtækjum og innan heimila og síðast en ekki síst þarf að vinna fræðsluefni um gerð áætlana gegn smitsjúkdómum og annarri hættu.

---

## STAÐA EINSTAKRA VERKEFNA – JÚNÍ 2007

---

Vinnuhópar á vegum stýrihóps um gerð viðbragðsáætlunar vegna heimsfaraldursinflúensu eru 27 og er vinnu þeirra flestra að ljúka. Yfir 100 manns hafa tekið þátt í verkefnum vinnuhópanna. Allir vinnuhópar eiga að hafa lokið störfum um miðjan júní og hefst þá vinna við að skilgreina lykilatriði, lykilviðbragðsaðila, samræma niðurstöður og miðla upplýsingum til þeirra sem vinna eiga eftir áætluninni komi til heimsfaraldursinflúensu. Vinnuhóparnir hafa allir lagt mikla vinnu í upplýsingasöfnun og hafa lagt mikið af mörkum til þessarar áætlanagerðar.

Í undirbúningi er að stofna vinnuhóp með aðild Utanríkisráðuneytisins til að skoða sérstaklega málefni er snerta samskipti við útlönd, þjónustu við Íslendinga erlendis og ferðamenn á Íslandi. Einnig er í undirbúningi að skipa vinnuhóp lögfræðinga sem verður falið að skoða lögfræðileg atriði varðandi framkvæmd sóttvarna hér á landi og önnur álitamál.

### **Einstök verkefni:**

**Banka- og fjármálaþjónusta.** Vinnu hópsins er lokið. Allir helstu aðilar innan fjármálageirans hafa skilað sínum áætlunum og helst er eftir að útbúa fræðsluefni til almennings um mikilvæg atriði vegna fjármála komi til inflúensufaraldurs.

**Bilanir.** Hópurinn hefur skilgreint þá aðila sem teljast lykilaðilar í viðbragðsáætluninni sem eru: Samorka vegna veitufyrirtækja, Ríkisútvarpið og 365-miðlar, Síminn og Vodafone. Veitufyrirtækin hafa unnið náðið með Samorku og mörg þeirra hafa lokið sinni áætlanagerð. Ríkisútvarpið og Vodafone hafa lokið við að gerð sinna áætlana og Síminn og 365 – miðlar eru að störfum.

**Bólusetningar.** Gengið hefur verið frá samningum við GlaxoSmithKleine (GSK) um kauptryggingu á inflúensubóluefni í heimsfaraldri. Líklegt má telja að eftir að lýst hefur verið yfir að heimsfaraldur sé skollinn á muni taka um 4-6 mánuði að fá bóluefni afhent.

**Dreifing nauðsynjavara.** Þetta verkefni reyndist viðamikið og flókið en því er nú að mestu lokið. Auk aðila vinnuhópsins hafa eftirtalin fyrirtæki lagt sitt af mörkum til þessarar vinnu: Aðföng, BÚR, Hagar, Kaupás,

Samkaup, Eimskip, Samskip, Atlantsolía, N1, Skeljungur og ODR. Þessi fyrirtæki hafa sent sína fulltrúa á vinnufund vegna áætlunargerðar og vinna hópsins byggir á niðurstöðum vinnuhóps á vegum forsætisráðuneytisins um efnahagsleg áhrif heimsfaraldursinflúensu. Nauðsynjar voru skilgreindar og venjubundnar dreifingarleiðir nauðsynja voru kortlagðar. Að því búnu var leitað leiða til að styrkja hefðbundna dreifingu nauðsynja með aðkomu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Vegagerðarinnar og Rauða kross Íslands.

**Fangelsin.** Búið er að vinna drög að inflúensuáætlunum fyrir öll fangelsi landsins.

**Fræðsla til almennings og faghópa.** Vinnuhópur skoðaði sérstaklega hvaða upplýsingar þurfa að berast til almennings og faghópa á mismunandi stigum faraldurs. Ljóst er að miðlun upplýsinga verður einn mikilvægasti þáttur í viðbrögðum við inflúensufaraldri og framundan er vinna við gerð fræðsluefnis og hefur verið óskað eftir fjárveitingu til þeirrar vinnu.

**Heilbrigðisþjónusta við dýr.** Vinnuhópur hefur lokið störfum og kortlagði hann hverjir koma að þessum málaflokki. Þeir aðilar sem til eru nefndir þurfa að vinna frekar að áætlanagerð heima í héraði.

**Heimahjúkrun.** Verkefni er lokið. Heimahjúkrun verður mjög mikilvægur hluti af heilbrigðisþjónustu í heimsfaraldri inflúensu og áætlunin gerir ráð fyrir að þetta verkefni verði styrkt með aðkomu aðila utan heilbrigðisgeirans.

**Innra og ytra öryggi sjúkrastofnana og mikilvægra stofnana.** Vinnu er lokið með gerð áætlunar um vöktun mikilvægra bygginga og heilbrigðisstofnana.

**Lyf og hjúkrunarvörur.** Vinna hópsins er hafin og mun hann byggja vinnu sína að hluta á “essential drug list” frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Gengið hefur verið frá samningum um birgðahald dreypilyfja til að standast þriggja mánaða heimsfaraldur inflúensu inflúensulyfja fyrir þriðjung þjóðarinnar. Einnota hlífðarbúnaður (sloppar, maskar og hanskar) eru til staðar í landinu til nota vegna heimsfaraldursinflúensu.

**Matvælaframleiðsla og birgðahald.** Vinnu hópsins er lokið. Listi yfir mikilvæga matvælaframleiðendur hefur verið settur fram og tilgreindir hafa verið heilbrigðisfulltrúar á hverju sóttvarnasvæði er verða tengiliðir

við matvælaframleiðendur í influensufaraldri. Birgðir innlendra matvæla hafa verið kortlagðar og ljóst að ekki mun koma til skorts á matvælum og þó innflutningur leggist niður í þrjá mánuði.

**Meðhöndlun og varsla látinna.** Vinna er langt komin. Búið er að skilgreina hlutverk viðbragðsaðila og aðeins er eftir að skilgreina nánar verkefni innan útfararþjónustu og hjá starfsfólki líkhúsa.

**Póstþjónusta almenn og sértæk.** Pósturinn hefur skilað sinni viðbragðsáætlun sem gerir ráð fyrir minni þjónustu á neyðarstigi. DHL hefur ekki skilað sinni áætlun.

**Sálrænn stuðningur.** Þessu verkefni er lokið og gerir það ráð fyrir virkjun áfallateyma innan sjúkrahúsa, þjóðkirkjunnar og innan raða Rauða krossins.

**Sjúkraflutningur.** Verkefni er lokið. Ferli sjúkraflutninga var kortlagt og í influensufaraldri er gert ráð fyrir að það kerfi sem notað er daglega verði styrkt með aðkoma björgunarsveita og þeirra farartækja. Neyðarlínan er að athuga hvort rétt sé að gera sérstök greiningarkort sem notuð verða í faraldri.

**Skólahald.** Fyrstu drögum hefur verið skilað um áætlun skóla. Áhersla mun beinast að því að halda kennslu gangandi með fjarkennslu þrátt fyrir að lokun skóla geti verið beitt sem lið í sóttvörnum. Skólar landsins eru með heimasíður og netfangalista nemenda sem gefur möguleika á fjarkennslu. Upplýsa þarf starfsmenn skólanna.

**Sorphirða.** Verkefni vinnuhóps er lokið og hefur verkefnið verið sent til sveitarfélaganna. Þau bera ábyrgð á sorphirðu og hafa verið hvött til áætlanagerða vegna influensufaraldurs. Í faraldri er ljóst að minna mun falla til af sorpi en í venjulegu ástandi.

**Takmarkanir á ferðafrelsi.** Vinnu hóps um lokun landsins og afkvíun landssvæða/sóttvarnasvæða er lokið. Í áætluninni er gerð grein fyrir lokunum á vegum, höfnum og flugvöllum.

**Veirulyfjahópur.** Verkefni vinnuhóps er lokið. Apótek LSH, Parlogis og sóttvarnalæknar í héraði gegna lykilhlutverki í þessu verkefni. Verkefnið tók til blöndunar, dreifingar og geymslu veirulyfja.

**Vitjanir í heimahús.** Verkefni vinnuhópsins er lokið. Ljóst er að vitjun í heimahús krefst mikils mannafla og því hefur hugmynd um uppsetningu influensumóttöku á sóttvarnarsvæðum verið rædd. Heimasóttkví var einnig hluti af vinnu þessa hóps og eftir er að vinna nánar að gerð verklagsregla um heimasóttkví.

**Æðsta stjórn landsins.** Fyrstu drög að áætlun liggja fyrir. Um er að ræða hlutverk æðstu stjórnar í faraldri og samskipti við samhæfingarstöð.

25. júní 2007

Stýrihópur ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis um viðbrögð við heimsfaraldri influensu.